

Föstudaginn 14. apríl 1989.

Nr. 101/1988. **Gústaf Magnús Einarsson og  
Skúli Sigurðsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Blikksmiðju Gylfa**

(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Verksamningar. Skuldamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1988. Þeir krefjast aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfu stefndu gegn greiðslu á 20.000,00 krónum. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda óskipt.

Frávísunarkrafa áfrýjenda er hér fyrir dómi studd þeirri röksemd, að skylt hafi verið að beina málsókn þessari þegar í upphafi að báðum áfrýjendum samkvæmt 46., 47. og 48. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en það var ekki gert, svo sem fram kemur í héraðsdómi. Hinn 1. febrúar 1988 hafnaði héraðsdómari með úrskurði frávísunarkröfu áfrýjandans Gústafs Magnúsar, sem byggð var á því, að óheimilt hefði verið að stefna honum inn í mál gegn áfrýjandanum Skúla með sakaukastefnu. Þessum úrskurði hefur ekki verið áfrýjað með aðalmálinu, og verður ekki við honum hróflað hér í dómi, nema vísa beri kröfum á Gústaf Magnús Einarsson sjálfkrafa frá héraðsdómi. Fer um þetta eftir 108. gr., 3. mgr., laga nr. 85/1936, eins og þetta lagaákvæði var fyrir gildistöku laga nr. 54/1988, sbr. 28. gr. þeirra laga. Ekki var lögskilt að vísa sakaukamálinu frá dómi, og var málsókn þessari réttilega beint að áfrýjendum. Krafan um frávísun málsins í heild af fyrrgreindri ástæðu á því ekki við rök að styðjast.

Fallast verður á það með héraðsdómara að ósannað, sé, að samið hafi verið um, að fyrir þakrennur og það annað, sem áfrýjendur

keyptu af stefndu og hér er um deilt, skyldi greitt eftir verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Ber að staðfesta þá niðurstöðu, að áfrýjendur greiði stefndu 43.656,00 krónur. Ekki var deilt um vexti fyrir Hæstarétti, en skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, verða þeir svo sem í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað, og er hann án söluskatts hæfilega ákveðinn samtals 50.000,00 krónur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, þó ekki hærri en 27% á ári.

Áfrýjendur, Gústaf Magnús Einarsson og Skúli Sigurðsson, greiði óskipt stefndu, Blikksmiðju Gylfa, samtals 50.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. mars sl., er höfðað af Blikksmiðju Gylfa, nnr. 1362-6715, Tangarhöfða 11, Reykjavík, með stefnu og sakaukastefnu, birtum 24. febrúar 1987 og 2. september 1987, á hendur Skúla Sigurðssyni, nnr. 1108-6543, Bauganesi 4, Reykjavík, og Gústafi Magnúsi Einarssyni, nnr. 3471-9926, Bauganesi 4, Reykjavík, in solidum til greiðslu á kr. 43.656,00 ásamt 3,5% mánaðarvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., en 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Skúli gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en til vara að stefnandi verði dæmd til þess að gefa út reikning í samræmi við þá þöntun sem stefndi f.h. húseignarinnar Bauganess 4 gerði hjá honum í apríl 1985. Þá krefst stefndi Skúli málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMEÍ úr hendi stefnanda.

Stefndi Gústaf gerir þær dómkröfur að stefnufjárhæðin verði lækkuð

verulega og að sér verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

Sakaukastefndi Gústaf Magnús Einarsson gerði upphaflega þær kröfur í máli þessu að kröfum stefnanda á hendur sér yrði vísað frá dómi og fór fram munnlegur málflutningur um þann þátt málsins 1. febrúar sl. Með úrskurði, upp kveðnum sama dag, var frávísunarkröfu sakaukastefnda hrundið.

## III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að stefndu hafi falið stefnanda að annast fyrir sig endurnýjun á þakrennum og niðurföllum í fasteign sinni að Bauganesi 4, Reykjavík. Reikningurinn sé nr. 8101, dags. 2.5.1985. Við smíði og málun hafi stefnandi unnið í 32 klst. á kr. 284,00 pr. klst., eða kr. 9.088,00. Vélavinna hafi numið kr. 2.720,00, verkstjórn kr. 1.056,00 og söluskattur kr. 3.087,00. Við uppsetningu hafi stefnandi unnið í 32 klst. í blikksmiðju á kr. 284,00 pr. klst., eða kr. 9.088,00. Vélavinna hafi numið kr. 1.818,00, verkstjórn kr. 1.056,00, söluskattur kr. 436,00 og máltaka kr. 500,00. Hafi vinna numið skv. nótu nr. 2311, dags. 2.5. 1985, alls kr. 28.849,00. Efnið, sem stefnandi þurfti að nota til vinnunnar, hafi verið járn, niðurfallsrör o.fl. fyrir alls kr. 14.307,00, skv. nótu nr. 2310. Vinna og efni nemi því samtals kr. 43.156,00. Akstur hafi verið 2 ferðir á kr. 250,00 eða alls kr. 500,00. Reikningur nr. 8101 nemi því alls kr. 43.656,00 eða stefnufjárhæð.

Er stefndi bað um framangreint verk hafi rennubönd verið komin upp, og hafi orðið að ákvarða stærð rennanna í samræmi við þau bönd. Rennur af þeirri stærð, sem þurfti, hafi ekki verið til á lager, og hafi rennurnar því verið smíðaðar. Það verk hafi verið unnið í tímavinnu og sé krafið um greiðslu á verkinu skv. því.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefndi Skúli kveður málavexti vera þá að stefndi hafi f.h. húsfélagsins Bauganess 4 pantað hjá stefnanda þakrennur og niðurföll skv. verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Rennur þessar og niðurföll hafi stefnandi átt til á lager, enda hafi þær verið af staðlaðri gerð. Verðhugmyndir stefnanda, þegar pöntunin var gerð, hafi verið um það bil 15-16.000,00 krónur, og hafi það verið í samræmi við fyrrnefnda verðskrá. Auk þess hafi stefndi óskað eftir því að rennurnar yrðu málaðar, og hefði verið því átt að vera eitthvað hærra, eða allt að kr. 20.000,00. Inni í þessu verði hafi átt að

vera uppsetning. Stefnandi hafi sett rennurnar upp, og hafi hann síðan gert stefnda, f.h. húseignarinnar Bauganess 4, reikning fyrir smíði á rennum og niðurföllum. Krafist hafi verið reiknings í samræmi við pöntun, en því hafi ekki verið sinnt til þessa. Greiðslu hafi ekki verið hafnað og húseigendur í Bauganesi 4 hafi ávallt lýst sig reiðubúna til þess að greiða hina upphaflegu pöntun. Ekki sé rétt stefnt í málinu, þar sem stefna hefði átt húsfélaginu Bauganesi 4.

Stefndi byggir á l. nr. 85/1936 og l. nr. 39/1922.

Málavexti, málsástæður og lagarök kveður stefndi Gústaf vera þessi: Stefnandi Skúli hafi pantað f.h. húsfélagsins Bauganess 4 þakrennur og niðurföll hjá stefnanda ásamt uppsetningu, og hafi pöntunin verið gerð skv. verðskrá Félags blikksmiðjueigenda. Rennurnar og niðurföllin hafi verið af staðlaðri gerð og upp gefið verð við pöntunina frá stefnanda kr. 15-16.000,00, sem hafi verið í samræmi við nefnda verðskrá. Óskað hafi verið eftir að rennurnar yrðu málaðar og hafi verðið þá átt að hækka í allt að kr. 20.000,00.

Stefnandi hafi sett upp rennurnar og niðurföllin, og er reikningur var gerður stefndu hafi fjárhæðin numið kr. 43.656,00. Stefnandi hafi mótmælt þegar í stað fjárhæð reikningsins og krafist þess að staðið yrði við um samda fjárhæð fyrir verkið. Því hafi í engu verið sinnt. Stefnandi hafi alla tíð verið reiðubúinn að greiða um samda fjárhæð.

Vísað sé til grundvallarreglna kaupa- og samningalaga.

#### IV.

Við munnlegan málflutning kom fram að stefndi Skúli byggir sýknukröfu sína á því að röngum aðila hafi verið stefnt, þar sem skuldari sér húsfélagið Bauganes 4. Upplýst er að húsfélagið er óskráð og sameigendur þess eru stefndu í máli þessu. Þeir eru því persónulega ábyrgir fyrir skuldum húsfélagsins og er því réttilega stefnt í máli þessu.

Eins og kemur fram í greinargerðum stefndu byggja þeir kröfur sínar á því að samið hafi verið um fast verð samkvæmt verðskrá Félags blikksmiðjueigenda, en gerð hafi verið pöntun á stöðluðum rennum samkvæmt verðskránni.

Aðilar málsins hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Það er upplýst í máli þessu og reyndar óumdeilt, að þegar pöntunin var gerð voru komin rennubönd á þakið og takmarkaðist stærð rennanna af stærð þeirra. Þá liggur fyrir að sú stærð af rennum, sem stefndi Skúli kveðst hafa pantað samkvæmt verðskrá og til var á lager hjá stefnanda, passaði ekki við stærð rennubandanna, þannig að sérsníða þurfti rennurnar eftir máli. Ósannað er að samið hafi verið um að rennurnar skyldu seldar á verði sem gefið er upp í verðskrá stefnanda yfir staðlaðar rennur af þeirri stærð sem stefndi Skúli telur sig hafa pantað.

Fyrir dómi hélt fyrirsvarsmaður stefnanda því fram að verðskrá sú, sem fjallað er um í málinu, sé lágmarksgjaldskrá, og þar sem annað er ekki sannað verður ekki á því byggt að hún sé bindandi fyrir stefnanda.

Ekki er ágreiningur um það magn, sem keypt var, eða að vinnan hafi verið unnin, og ber því samkvæmt framansögðu og með vísan til 5. gr. l. nr. 39/1922 að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, en vaxtafæti og upphafstíma vaxta hefur ekki verið mótmælt.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.402,00, þar með talinn söluskattur kr. 3.902,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Skúli Sigurðsson, Bauganesi 4, Reykjavík, og Gústaf Magnús Einarsson, Bauganesi 4, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Blikksmiðju Gylfa, Tangarhöfða 11, Reykjavík, kr. 43.656,00 ásamt 3,5% mánaðarvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.402,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.